

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landspítala

Aðilar samstarfssamnings þessa eru Háskóli Íslands (HÍ), kt. 600169-2039 og Landspítali, kt. 500300-2130, sem er háskólasjúkrahús samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Um samstarf samningsaðila er m.a. fjallað í 24. gr. reglugerðar nr. 1111/2020 um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa. Háskóli Íslands starfar samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008. Lögín eru nánar útfærð í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og ýmsum sérreglum sem háskólaráð setur.

Gildistaka þessa samstarfssamnings er háð samþykki háskólaráðs og framkvæmdastjórnar Landspítala.

Þessi samningur tekur við af samstarfssamningi aðila frá 13. desember 2018 sem gerður var til fimm ára og framlengdur var óbreyttur til 30. júní 2024.

1. Tilgangur

Tilgangur samstarfssamnings HÍ og Landspítala er að skilgreina verkefni og þjónustu sem hagkvæmt er að stofnanirnar starfræki sameiginlega:

- Að tryggja árangursríka samvinnu HÍ og Landspítala við þróun og stöðugar umbætur í kennslu, vísindastarfi og nýsköpun í heilbrigðisfræðum með því að skapa umgjörð og sérhæfða aðstöðu fyrir þau svið HÍ sem byggja kennslu, þjálfun og rannsóknir á efnivið og starfsemi háskólasjúkrahússins.
- Að styðja og efla Landspítala sem háskólasjúkrahús, þar sem þjónusta, menntun og vísindi eru samofin daglegu starfi.

2. Samskipti og stjórnun

2.1 Yfirstjórn

Rektor HÍ og forstjóri Landspítala bera sameiginlega ábyrgð á samningi þessum.

Forstöðumaður vísindastarfsemi og deildarstjóri menntadeildar Landspítala fara með daglega umsjón akademískra málefna á spítalanum í umboði forstjóra, framkvæmdastjóra lækninga og framkvæmdastjóra hjúkrunar. Deildarforsetar háskóladeilda gegna því hlutverki af hálfu HÍ í samráði við forseta Heilbrigðisvísindasviðs (HVS).

Umsýsla og eftirfylgni með samningnum og gögnum sem honum tengjast skal vera sameiginleg og tilnefnir hvor aðili um sig ákveðinn tengilið til að annast það hlutverk.

2.2 Stýrihópur

Aðilar mynda sameiginlegan stýrihóp, sem hefur það hlutverk að:

- Móta stefnu í sameiginlegum málefnum HÍ og Landspítala og framfylgja henni.
- Hafa yfirumsjón með framkvæmd þessa samnings sem og sérsamninga sem byggja á honum.
- Móta stefnu um námsframboð sem krefst aðstöðu á Landspítala.
- Stuðla að nánun samstarfi í vísindum og nýsköpun.
- Á samningstíma verði sérstök áhersla lögð á samræmt fyrirkomulag sameiginlegra starfa og endurskoðun reglna nr. 385 frá 6. maí 2003 um verklag varðandi málefni starfsmanna sem hafa starfsskyldur gagnvart báðum stofnunum. Vinnuhópi verður falið að fylgja því eftir.
- Stýrihópur getur eftir atvikum sett á fót vinnuhópa um afmörkuð verkefni.

7A13
20

Stýrihópur er skipaður fjórum fulltrúum frá hvorum aðila. Forstjóri Landspítala og rektor HÍ stýra starfi hópsins. Þeir skipa þrjá fulltrúa frá hvorum aðila í stýrihópinn og varamenn þeirra.

Frá HÍ: Háskóla­rektor, forseti HVS, forseti Læknadeildar og forseti Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar. Varamenn þeirra eru staðgengill forseta HVS samkvæmt ákvörðun hans og varaforsetar Læknadeildar og Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar.

Frá Landspítala: Forstjóri Landspítala og stjórnendur sem eru ábyrgir fyrir akademískum málefnum f.h. forstjóra; forstöðumaður vísindastarfsemi, framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar. Staðgenglar þeirra eru varamenn.

Stýrihópur heldur fundi að jafnaði mánaðarlega. Tryggja ber gott upplýsingaflæði innan HÍ og Landspítala um þau verkefni og viðfangsefni sem unnið er að á hverjum tíma. Komi upp ágreiningur í stýrihópi skal honum vísað til rektors HÍ og forstjóra Landspítala til úrlausnar.

2.3 Aðkoma HÍ að framkvæmdastjórn Landspítala

Rektor HÍ, eða fulltrúi hans, á seturétt á þeim fundum á vegum framkvæmdastjórnar Landspítala sem fjalla um akademísk málefni sérstaklega. Um slíka fundi skal upplýsa á ofangreindum fundum stýrihóps. Að jafnaði skal forseti HVS, eða staðgengill sem hann ákveður, vera fulltrúi rektors HÍ gagnvart Landspítala.

2.4 Aðkoma Landspítala að stjórn Heilbrigðisvísindasviðs HÍ

Forstjóri Landspítala, eða fulltrúi hans, á seturétt á háskólaþingi og á öðrum þeim fundum á vegum rektors HÍ sem fjalla um akademíska starfsemi á Landspítala. Um slíka fundi skal upplýsa á ofangreindum fundum stýrihóps.

Framkvæmdastjóri lækninga á Landspítala skal eiga seturétt á deildarfundum Læknadeildar og framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala, eiga seturétt á deildarfundum Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar.


3. Gildistími og endurskoðunarákvæði

Fylgiskjöl með samstarfssamningi þessum eru hluti samningsins og skulu yfirfarin árlega.


Komi upp ágreiningur um túlkun einstakra þátta samnings þessa skal honum skotið til stýrihóps til umfjöllunar og úrskurðar. Samningurinn kemur til endurskoðunar ef forsendur samningsaðila breytast vegna nýrrar lagasetningar, breytinga á gildandi reglum, eða verulegum breytingum í fjármögnun HÍ og/eða Landspítala.

Samningurinn gildir í fimm ár frá undirritun, þ.e. til 30. júní 2029, og hefur verið samþykktur af háskólaráði HÍ og framkvæmdastjórn Landspítala. Heimilt er að gera breytingar á honum á samnings­­tímanum með samþykki samningsaðila. Endurskoðun samningsins hefst ári fyrir lok gildistíma hans.

Reykjavík, 3. júlí 2024



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands



Runólfur Pálsson
forstjóri Landspítala